

Alþingi
Erindi nr. P 136/1497
komudagur 30.3.2009

SFF

SAMTÖK Fjármálafyrirtækja
Icelandic Financial Services Association

26. mars 2009

Endurskoðun á skaðabótalögum

Á undanförunum vikum hafa fjölmiðlar fjallað talsvert um uppgjorsreglur skaðabótalaga og þörf á endurskoðun þeirra. Allsherjarnefnd Alþingis hefur lagt fram frumvarp til breytinga á skaðabótalögum sem felur í sér breytingar á frádráttarreglum laganna. Með frumvarpinu er stefnt að hækkun bótafjárhæða vegna varanlegrar örorku til þeirra sem slasast alvarlega og bóta til maka vegna missis framfæranda, þar sem frumvarpið gerir ekki ráð fyrir frádrætti ýmissa greiðslna almannatrygginga við ákvörðun skaðabóta.

Brýnt er að endurskoða ýmis ákvæði skaðabótalaga og mikilvægt að sú vinna fari af stað sem fyrst. Hins vegar er ástæða til að hafa áhyggjur af því að frumvarpið hefur verið unnið í miklum flýti án þess að framkvæmt hafi verið mat á því hvaða áhrif lögfesting þess hefur.

Eitt meginhlutverk skaðabótareglna er að bæta mönnum með fé það tjón sem þeir hafa orðið fyrir. Skaðabótalögin hafa að geyma aðferðafræði um hvernig reikna skuli út bætur fyrir líkamstjón, hverjir eigi að greiða tiltekna bætur og með hvaða hætti þær skulu greiddar. Reglunum er ætlað að tryggja að tjónþoli fái almennt, auk hæfilegra miskabóta, fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sem hlýst af völdum líkamsmeiðsla. Jafnframt er á því byggt að menn öðlist ekki rétt til bóta fyrir fjártjón, nema slíkt tjón hafi í raun orðið eða fyrir liggja raunhæft mat um fjártjón á ókomnum árum.

Reikniverk skaðabótalaga hefur það markmið að bætur fyrir varanlega fjárhagslega örorku taki til raunverulegs heildarfjártjóns tjónþola af völdum skaðabótaskylds atviks og gerir því ráð fyrir frádrætti bótagreiðslna úr öðrum stöðum bótaréttarins. Því til viðbótar koma þjáningarbætur og bætur fyrir varanlegan miska.

Gagnrýni á gildandi uppgjorsreglur skaðabótalaga hefur m.a. beinst að því að reglurnar komi illa út fyrir tiltekna hópa tjónþola, einkum þá sem hafa ekki tekjusögu fyrir slys, svo sem börn og námsmenn. Tekið er undir það sjónarmið að skaðabótalög eigi að tryggja stöðu þeirra. Spurningin er hins vegar hvaða leiðir eru best til þess fallnar að ná því markmiði. Tillögur frumvarpsins um breytingu á frádráttarreglum skaðabótalaga taka til allra hópa tjónþola sem verða fyrir líkamstjóni. Allsherjarnefnd Alþingis er hvött til þess að rannsaka betur áhrif frumvarpsins á alla hópa tjónþola áður en frumvarpið verður afgreitt, þannig að jafnræði tjónþola verði tryggt eftir breytingar á lögnum. Við endurskoðun uppgjorsreglna skaðabótalaga þarf að skoða í samhengi margfeldisstuðla laganna og frádráttarreglurnar. Ýmsar þær forsendur sem liggja að baki margfeldisstuðlunum hafa breyst frá því reglurnar tóku gildi

árið 1999 og því er endurskoðun þeirra tímabær. Verði frumvarpið að lögum óbreytt mun það verða til þess að skaðabótalög fjarlægjast það yfirlýsta markmið og grundvallarreglu skaðabótaréttar að tryggja að tjónþolar skuli vera fjárhagslega eins settir og hið bótaskylda tjón hafi ekki orðið.

Áður fyrr var skaðabótaréttur helsta úrræði tjónþola til að fá fébætur úr hendi annarra vegna tjóns. Útbreiðsla ýmiss konar trygginga, svo sem einkavátrygginga og almannatrygginga, hefur á undanförunum áratugum dregið mjög úr vægi skaðabótaréttar, bæði hér á landi og í nágrannaríkjunum. Í raun er það fremur sjaldgæft að tjónvaldur sjálfur greiði bætur vegna tjóns. Miklu algengara er að bætur séu greiddar úr ábyrgðartryggingu tjónvalds eða vinnuveitanda hans, einkavátryggingu tjónþola eða frá almannatryggingum.

Skilyrði fyrir greiðslu bóta úr hinum mismunandi bótakerfum eru ólík og samspil þeirra er flókið. Einn galli við gildandi kerfi er sá að hin mismunandi bótakerfi vinna ekki nægilega vel saman, m.a. þar sem skaðabætur vegna varanlegrar örorku eru gerðar upp í formi eingreiðslu en örorkulífeyrir almannatrygginga ekki. Tjónþoli fer reglulega í endurmat í tengslum við bótarétt úr almannatryggingum og óvissa getur ríkt um framtíðarbótarétt tjónþola úr almannatryggingum þegar skaðabótauppgjör fer fram.

Vátryggingafélög gera upp bætur samkvæmt reglum skaðabótalaga í nokkrum vátryggingagreinum og þekkja því vel hvernig bótareglurnar virka í framkvæmd. Segja má að vátryggingafélög hafi þá hagsmuni eina af því hvernig skaðabótalöggjöf er háttað að reglur laganna séu skýrar, skilvirkar og einfalt sé að vinna eftir þeim.

Frumvarp allsherjarnefndar gerir ráð fyrir að lögin taki þegar gildi. Benda verður á að verði frumvarpið að lögum með svo skömmum fyrirvara sem gert er ráð fyrir hefur það áhrif á forsendur gildandi vátryggingarsamninga.

Brún þörf er á endurskoðun skaðabótalaga en jafn mikilvægt er að vel sé vandað til verka við þá vinnu. Farsælast er að allsherjarnefnd Alþingis eða dómsmálaráðherra feli færustu sérfræðingum á sviði skaðabótaréttar að fara yfir skaðabótalögin í heild og leggja fram tillögur um breytingar.

Helga Jónsdóttir,
Samtökum fjármálafyrirtækja.